

AUGLÝSING

um stofnsamþykkt Alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orku (IRENA).

Hinn 18. maí 2010 var ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands afhent fullgildingarskjal Íslands vegna stofnsamþykktar Alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orku (IRENA) sem gerð var í Bonn 26. janúar 2009. Samþykktin öðlaðist gildi 8. júlí 2010.

Samþykktin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 26. ágúst 2022.

F. h. r.

Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**STOFNSAMÞYKKT****Alþjóðastofnunar um endurnýjanlega orku (IRENA)**

Aðilar að stofnsamþykkt þessari,

sem vilja stuðla að því að endurnýjanleg orka verði innleidd og nýtt í auknum mæli og sem víðast í þágu sjálfbærrar þróunar,

sem hafa áhuga og tiltrú á þeim gríðarstöru tækifærum sem endurnýjanleg orka færir til að takast á við og ráða stig af stigi bót á vanda sem kröfur um orkuöryggi og óstöðugt orkuverð hafa í för með sér,

sem eru fullir vissu um að endurnýjanleg orka getur gegnt mikilvægu hlutverki við að draga úr styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu og stuðlað með því að stöðugra veðurfari og að því að skapa aðstæður fyrir sjálfbæra, örugga og varfærnislega umbreytingu til efnahagskerfis þar sem kolefni gegnir litlu hlutverki,

sem vilja auka þau jákvæðu áhrif sem tækni á sviði endurnýjanlegrar orku getur haft til að stuðla að auknum, sjálfbærum efnahag og til að skapa ný störf,

sem eru hvattir áfram af þeim gríðarstöru tækifærum sem endurnýjanleg orka skapar til þess að opna sjálfstýrðan aðgang að orku, einkum í þróunarlöndum, og aðgang einangraðra og afskekktra svæða og eyja að orku,

sem eru áhyggjufullir vegna þeirra alvarlegu, neikvæðu áhrifa sem notkun jarðefnaeldsneytis og óskilvirk notkun hefðbundins lífmassa getur haft á heilbrigði,

sem eru þess fullvissir að endurnýjanleg orka, ásamt bættri orkunýtingu, getur í auknum mæli fullnægt fyrirsjáanlegri, ört vaxandi orkuþörf heimsins á komandi áratugum,

sem eru áfram um að koma á fót alþjóðlegri stofnun um málefni endurnýjanlegrar orku sem myndi auðvelda alla samvinnu milli aðila að henni og jafnframt stuðla að nánú samstarfi við starfandi stofnanir sem vinna að aukinni notkun endurnýjanlegrar orku,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. gr.*Stofnuninni komið á fót.*

- A. Aðilar að stofnsamþykkt þessari koma hér með á fót Alþjóðastofnun um endurnýjanlega orku (hér á eftir nefnd „stofnunin“) í samræmi við eftirfarandi skilmála og skilyrði.
- B. Grundvöllur stofnunarinnar er meginreglan um jafnræði allra aðila að henni og skal hún virða, á tilhlýðilegan hátt, fullveldisréttindi og valdmörk aðila að henni þegar hún vinnur verk sín.

II. gr.*Markmið.*

Stofnunin skal stuðla að því að endurnýjanleg orka, í hvaða mynd sem er, verði innleidd og nýtt á sjálfbæran hátt í auknum mæli og sem víðast, að teknu tilliti til eftirfarandi:

- a) forgangsatriða og ávinnings á þjóðarvísu og innan ríkis, sem leiðir af sameiginlegum aðgangi að framkvæmdum á sviði endurnýjanlegrar orku og orkunýtingar, og
- b) þess hvernig endurnýjanleg orka stuðlar að umhverfisvernd, með því að koma í veg fyrir að gengið sé um of á náttúruauðlindir og með því að draga úr skógeyðingu, einkum eyðingu hitabeltisskóga, eyðimerkurmyndun og því að líffræðileg fjölbreytni glatist, að loftslagsvernd, hagvexti og félagslegri samheldni, m.a. því að draga megi úr fátækt og stuðla að sjálfbærri þróun, að orkuaðgengi og -öryggi, að svæðaþróun og að ábyrgð hvorrar kynslóðar gagnvart annari.

III. gr.
Skilgreining.

Í stofnsamþykkt þessari merkir hugtakið „endurnýjanleg orka“ hvers kyns orku, sem er framleidd úr endurnýjanlegum orkugjöfum með sjálfbærum hætti, meðal annars:

1. líforku,
2. jarðhitaorku,
3. vatnsorku,
4. sjávarorku, meðal annars sjávarfallaorku, ölduorku og varmaorku sjávar,
5. sólarorku og
6. vindorku.

IV. gr.
Starfsemi.

A. Stofnunin hefur með höndum þá starfsemi sem hér greinir að aftan, sem miðstöð í fremstu röð í tækni á sviði endurnýjanlegrar orku, sem vinnur að framgangi og sem frumkvöðull, jafnframt því að miðla reynslu í þágu hagnýtingar og stefnumótunar og bjóða fram aðstoð á öllum sviðum endurnýjanlegrar orku og hjálpa löndum að njóta góðs af árangursríkri þróun og yfirfærslu þekkingar og tækni:

1. Stofnunin skal, einkum til hagsbóta fyrir aðila að henni:
 - a) greina, fylgjast með og, án skuldbindinga fyrir aðila að henni að því er stefnumótun þeirra varðar, kerfisbinda starfshætti, sem nú tíðkast á sviði endurnýjanlegrar orku, þ.m.t. stjórn-tæki, hvatar, fjárfestingafyrirkomulag, bestu starfsvenjur, tækni sem völ er á, samþætt kerfi og tækjabúnaður og þættir sem stýra velgengni og/eða brestum,
 - b) koma af stað viðræðum og tryggja að fram fari samskipti við aðrar stjórnarstofnanir og frjáls félagasamtök og netkerfi á þessu sviði og öðrum viðkomandi sviðum,
 - c) veita þeim viðeigandi ráðgjöf um stefnumótun og aðstoð, að fram kominni beiðni þeirra þar um, þar sem tekið er tillit til þarfa hvers og eins þeirra, og ýta undir að fram fari viðræður þjóða í milli um stefnumótun í málefnum endurnýjanlegrar orku og grunnskilyrði slíkrar stefnumótunar,
 - d) betrubæta yfirfærslu viðeigandi þekkingar og tækni og ýta undir þróun staðbundinnar getu og hæfni í aðildarríkjum, þ.m.t. nauðsynleg tengsl milli þessara þátta,
 - e) bjóða þeim aðstoð við að byggja upp færni, m.a. menntun og þjálfun,
 - f) gefa þeim ráð, að fram kominni beiðni þar um, um fjármögnun vegna endurnýjanlegrar orku og stuðla að því að viðeigandi aðferðum sé beitt,
 - g) örva rannsóknir og hvetja til þeirra, m.a. um félags- og efnahagslega þætti, og hlynna að netkerfum á sviði rannsókna, samvinnu í rannsóknum, þróun og hagnýtingu tækni og
 - h) láta í té upplýsingar um þróun og hagnýtingu innlendra og alþjóðlegra tæknistaðla í tengslum við endurnýjanlega orku, á grundvelli réttis skilnings sem er fenginn með virkri þátttöku á þeim vettvangi sem við á.
2. Þá skal stofnunin dreifa upplýsingum og auka vitund almennings um þann hag og þau tækifæri sem endurnýjanleg orka hefur í för með sér.

B. Stofnunin skal hafa eftirfarandi að leiðarljósi í starfsemi sinni:

1. að vinna að því, eftir markmiðum og meginreglum Sameinuðu þjóðanna, að koma á friði og samstarfi þjóða í milli og að framgangi sjálfbærrar þróunar eftir stefnu Sameinuðu þjóðanna,
2. að deila út fjármunum sínum þannig að tryggt sé að þeir séu nýttir á árangursríkan hátt til þess að öllum viðfangsefnum hennar verði sinnt með viðeigandi hætti og stunda starfsemi sína til þess að hún megi auka hag aðila að stofnuninni sem mest og í öllum heimshlutum, með sérþarfir þróunarlanda og einangraðra og afskekktara svæða og eyja í huga,
3. að vinna náið með starfandi stofnunum og skipulagsheildum og gera sér far um að koma á sambandi við þær með gagnkvæman ávinning í huga, til að komast hjá ónauðsynlegum tvi-verknaði og geta byggt á og nýtt með árangursríkum og skilvirkum hætti efni og yfirstandandi starfsemi hjá stjórnvöldum, öðrum skipulagsheildum og aðilum sem hafa það að markmiði að vinna að málefnum endurnýjanlegrar orku.

C. Stofnunin skal:

1. skila ársskýrslu um starfsemi sína til aðila að henni,
2. upplýsa aðila að henni um ráðgjöf sína um stefnumótun eftir að hún hefur verið veitt og
3. upplýsa aðila að henni um samráð og samvinnu við starfandi alþjóðastofnanir, sem vinna á þessu sviði, og um starfsemi slíkra stofnana.

V. gr.

Vinnuáætlun og verkefni.

- A. Stofnunin skal stunda starfsemi sína á grundvelli verkáætlunar hvers árs sem skrifstofan semur, ráðið fjallar um og þingið samþykkir.
- B. Auk verkáætlunarinnar er stofnuninni heimilt, að afloknu samráði aðila að henni og, ef ágreiningur rís, að fram komnu samþykki þingsins, að annast verkefni, sem aðilar að henni hafa frumkvæði að og fjármagna, standi efni stofnunarinnar til þess, önnur en fjármunir.

VI. gr.

Aðild.

- A. Ríkjum, sem eiga aðild að Sameinuðu þjóðunum, er frjálst að eiga aðild að stofnuninni, ásamt svæðisbundnum milliríkjastofnunum um efnahagssamvinnu sem hafa hug á og getu til að vinna í anda þeirra markmiða og þeirrar starfsemi sem mælt er fyrir um í stofnsamþykkt þessari. Fullvalda ríki þurfa að hafa komið svæðisbundinni milliríkjastofnun um efnahagssamvinnu á fót til þess að hún geti fengið aðild að stofnuninni og þarf að minnsta kosti eitt þeirra að eiga aðild að stofnuninni til þess að svo megi verða. Enn fremur þurfa aðildarríki slíkrar svæðisstofnunar að hafa falið henni að fara með að minnsta kosti eitt þeirra mála sem eru í verkahring stofnunarinnar.
- B. Fyrirnefnd ríki og svæðisbundnar milliríkjastofnanir um efnahagssamvinnu verða:
 1. stofnaðilar að stofnuninni eftir að hafa undirritað stofnsamþykkt þessa og afhent skjal um fullgildinguna til vörslu,
 2. aðrir aðilar að stofnuninni með því að afhenda skjal um aðild til vörslu eftir að aðildarumsókn viðkomandi hefur verið samþykkt. Aðild telst samþykkt hafi enginn aðili að stofnuninni lýst sig ósamþykkan henni þremur mánuðum eftir að aðilunum hefur verið send sú aðildarumsókn sem um ræðir. Hafi andstaða við aðildarumsókn verið látin í ljós skal þingið útkljá málið skv. 1. mgr. H-liðar IX. gr.
- C. Í tilfalli svæðisbundinnar milliríkjastofnunar um efnahagssamvinnu skal slík stofnun og aðildarríki hennar ákveða hvar ábyrgð hvers og eins liggur með tilliti til þeirra skuldbindinga sem þeim ber að efna samkvæmt stofnsamþykkt þessari. Fyrirnefnd stofnun og aðildarríki hennar geta ekki samtímis neytt réttar síns, þ.m.t. atkvæðisréttur, samkvæmt stofnsamþykktinni. Stofnanir þær er um getur hér að framan skulu, í skjölum sínum um fullgildinguna eða aðild, lýsa því yfir hvar valdmörk þeirra liggja í þeim málum sem stofnsamþykkt þessi tekur til. Enn fremur skulu þessar stofnanir upplýsa þá ríkisstjórn sem er vörsluaðili stofnsamþykktarinnar um allar breytingar sem verða á valdmörkum þeirra og máli skipta. Svæðisbundnar milliríkjastofnanir um efnahagssamvinnu skulu, í málum sem eru innan valdmarka þeirra, neyta atkvæðisréttar síns með sama fjölda atkvæða og fjöldi aðildarríkja þeirra, sem eru einnig aðilar að stofnun þessari, segir til um.

VII. gr.

Áheyrnarfulltrúar.

- A. Þingið getur veitt eftirtöldum aðilum stöðu áheyrnarfulltrúa:
 1. milliríkjastofnunum og frjálsum félagasamtökum sem vinna á sviði endurnýjanlegrar orku,
 2. undirritunarríkjum sem hafa ekki fullgilt stofnsamþykktina og
 3. umsækjendum um aðild sem hafa lagt fram aðildarumsókn sem hefur hlotið samþykki skv. 2. mgr. B-liðar VI. gr.
- B. Áheyrnarfulltrúum er heimilt að taka, án atkvæðisréttar, þátt í opinberum fundum þingsins og undirdeilda þess.

VIII. gr.

Deildir.

- A. Hér með er komið á fót eftirtöldum grunndeildum stofnunarinnar:
1. þinginu,
 2. ráðinu og
 3. skrifstofunni.
- B. Þinginu og ráðinu er heimilt, að fram komnu samþykki þingsins, að stofnsetja undirdeildir sem nauðsynlegar kunna að teljast til þess að þau geti sinnt störfum sínum samkvæmt stofnsamþykkt þessari.

IX. gr.

Þingið.

- A. 1. Þingið er æðsta deild stofnunarinnar.
2. Þingið getur fjallað um öll mál sem falla undir gildissvið stofnsamþykktar þessarar eða tengjast valdheimildum og störfum þeirra deilda sem kveðið er á um í stofnsamþykkt þessari.
3. Þingið getur, í öllum slíkum málum:
- a) tekið ákvarðanir og sent öllum fyrrnefndum deildum tilmæli og
 - b) sent aðilum að stofnuninni tilmæli, að fram kominni beiðni þar um.
4. Þingið skal enn fremur hafa heimild til þess að leggja fyrir ráðið mál til umfjöllunar og biðja ráðið og skrifstofuna um skýrslur um hvað eina er varðar störf stofnunarinnar.
- B. Allir aðilar að stofnuninni eiga sæti á þinginu. Þingið skal koma saman til reglulegra funda sem halda skal árlega, nema það ákveði annað.
- C. Hver aðili að stofnuninni á einn fulltrúa á þinginu. Varamenn og ráðgjafar mega fylgja fulltrúunum. Hver og einn aðili að stofnuninni skal bera allan kostnað af þátttöku sendinefndar sinnar.
- D. Fundir þingsins skulu haldnir þar sem stofnunin hefur aðsetur sitt, nema þingið ákveði annað.
- E. Þingið skal, í upphafi hvers reglulegs fundar, kjósa forseta og aðra embættismenn, sem nauðsynlegt kann að reynast að kjósa, að teknu tilliti til jafnrar landfræðilegrar dreifingar fulltrúa. Þeir skulu gegna embættum sínum uns nýr forseti og aðrir embættismenn eru kjörnir á næsta reglulega fundi. Nefndin setur sér starfsreglur í samræmi við stofnsamþykkt þessa.
- F. Hver aðili að stofnuninni skal fara með eitt atkvæði á þinginu, samanber þó C-lið VI. gr. Þingið tekur ákvarðanir um úrlausnarefni er varða starfsreglur með einföldum meirihluta atkvæða fulltrúa aðila að stofnuninni sem eru viðstaddir og greiða atkvæði. Ákvarðanir um mál af efnislegum toga skulu teknar með samhljóða samþykki fulltrúa aðila að stofnuninni sem eru viðstaddir. Jafnvel þótt eigi sé unnt að ná fram samhljóða samþykki skal litið svo á að samhljóða samþykki hafi náðst, ef eigi fleiri en tveir aðilar að stofnuninni eru á móti, nema stofnsamþykktin kveði á um annað. Komi upp sú spurning hvort tiltekið úrlausnarefni sé af efnislegum toga eður ei skal það fá meðferð sem um mál af efnislegum toga sé að ræða, nema þingið ákveði annað með samhljóða samþykki fulltrúa aðila að stofnuninni sem viðstaddir eru sem skal talið hafa náðst, jafnvel þótt eigi sé unnt að ná fram samhljóða samþykki, ef eigi fleiri en tveir aðilar að stofnuninni eru á móti. Meirihluti aðila að stofnuninni skal vera skilyrði fyrir ályktunarhæfi funda þingsins.
- G. Þingið skal, með samhljóða samþykki fulltrúa aðila að stofnuninni sem eru viðstaddir:
1. kjósa þá sem sitja í ráðinu,
 2. samþykkja, á reglulegum fundum sínum, fjárhags- og verkáætlun stofnunarinnar sem ráðið leggur fram; enn fremur skal þingið hafa heimild til að ákveða breytingar á fjárhags- og verkáætlun stofnunarinnar,
 3. taka ákvarðanir um yfirumsjón með fjármálastefnu stofnunarinnar, reglur um fjármál og um önnur fjárhagsleg atriði, ásamt því að kjósa endurskoðanda,
 4. samþykkja breytingar á stofnsamþykkt þessari,
 5. taka ákvarðanir um stofnsetningu dótturstofnana og samþykkja erindisbréf þeirra og
 6. taka ákvarðanir um atkvæðisrétt skv. A-lið XVII. gr.
- H. Þingið skal, með samhljóða samþykki þeirra aðila að stofnuninni sem viðstaddir eru sem skal talið hafa náðst, jafnvel þótt eigi sé unnt að ná fram samhljóða samþykki, ef eigi fleiri en tveir aðilar að stofnuninni eru á móti:

1. taka, ef nauðsyn krefur, ákvarðanir um aðildarumsóknir,
 2. samþykkja starfsreglur þingsins og ráðsins sem þau leggja fram,
 3. samþykkja ársskýrsluna og aðrar skýrslur,
 4. samþykkja samningsgerðir um öll úrlausnarefni, mál eða viðfangsefni sem stofnsamþykkt þessi tekur til og
 5. taka ákvarðanir, komi upp ágreiningur milli aðila að stofnuninni, um viðbótarverkefni skv. B-lið V. gr.
- I. Þingið skal ákveða hvar aðsetur stofnunarinnar skuli vera og tilnefna aðalframkvæmdastjóra skrifstofunnar (hér á eftir nefndur „aðalframkvæmdastjórinn“) með samhljóða samþykki eða, sé eigi unnt að ná fram samhljóða samþykki, með meirihluta atkvæða fulltrúa aðila að stofnuninni, sem eru viðstaddir og greiða atkvæði, að tveimur þriðju.
- J. Þingið skal, á fyrsta fundi sínum, fjalla um og samþykkja, eftir atvikum, þær ákvarðanir, samningsdrög, ákvæði og viðmiðunarreglur sem undirbúningsnefndin hefur unnið, í samræmi við þá framkvæmd atkvæðagreiðslu sem gildir um viðkomandi mál, eins og lýst er í F- til I-lið IX. gr.

X. gr.

Ráðið.

- A. Ráðið skal skipað minnst 11 en ekki fleiri en 21 fulltrúa aðila að stofnuninni sem þingið kýs. Hlutbundinn fulltrúafjöldi, milli 11 og 21, skal svara til þriðjungs (afrúnnaðs) aðila að stofnuninni sem skal reikna út með hliðsjón af fjölda aðila að stofnuninni eins og hann er við upphaf þess kjörs fulltrúa í ráðið sem um ræðir hverju sinni. Haga ber kosningu fulltrúa í ráðið þannig að fulltrúar aðila að stofnuninni taki við hver af öðrum, sbr. starfsreglur þingsins, til þess að tryggja megi virka þátttöku þróunarlanda og iðnríkja og til þess að ráðið endurspegli í störfum sínum sanngjarna og réttláta landfræðilega dreifingu og góðan árangur. Kjörtímabil fulltrúa í ráðinu er tvö ár.
- B. Kalla ber ráðið saman á hálfis árs fresti og halda skal fundi þess þar sem stofnunin hefur aðsetur sitt, nema ráðið ákveði annað.
- C. Í upphafi hvers fundar kýs ráðið sér formann og aðra embættismenn, eftir því sem nauðsyn krefur, úr hópi aðila að stofnuninni og skal kjörtímabil þeirra standa fram til næsta fundar. Ráðið mótar sínar eigin starfsreglur. Leggja ber starfsreglurnar fyrir þingið til samþykktar.
- D. Hver aðili að stofnuninni fer með eitt atkvæði. Ráðið tekur ákvarðanir um úrlausnarefni er varða starfsreglur með einföldum meirihluta atkvæða fulltrúa aðila að stofnuninni. Ákvarðanir um mál af efnislegum toga skulu teknar með meirihluta atkvæða fulltrúa aðila að stofnuninni að tveimur þriðju. Leiki vafi á um hvort úrlausnarefnið sé af efnislegum toga eður ei skal farið með það sem mál af efnislegum toga, nema ráðið ákveði annað með meirihluta atkvæða fulltrúa aðila að stofnuninni að tveimur þriðju.
- E. Ráðið er ábyrgt gagnvart þinginu. Ráðið skal fara með þær valdheimildir og vinna þau störf sem því eru falin samkvæmt stofnsamþykkt þessari, auk þeirra starfa sem þingið felur því. Ráðið skal, þegar það vinnur þessi störf sín, hafa í heiðri ákvarðanir þingsins og taka tilhlýðilegt tillit til tilmæla þess og tryggja viðeigandi og áframhaldandi framkvæmd þeirra.
- F. Ráðið skal:
1. greiða fyrir samráði og samstarfi milli aðila að stofnuninni,
 2. fjalla um og leggja fyrir þingið drög að verkáætlun stofnunarinnar og drög að fjárhagsáætlun hennar,
 3. samþykkja fyrirkomulag vegna funda þingsins, þ.m.t. undirbúningur dagskrárdraga,
 4. fjalla um og leggja fyrir þingið drög að ársskýrslunni um starfsemi stofnunarinnar og aðrar skýrslur, eins og þau eru unnin af skrifstofunni skv. 3. mgr. E-liðar XI. gr. stofnsamþykktar þessarar,
 5. taka saman aðrar skýrslur sem þingið kann að biðja um,
 6. gera samninga og ganga frá samkomulagi, fyrir hönd stofnunarinnar, við ríki, alþjóðastofnanir og alþjóðlega aðila, með fyrirvara um fyrir fram samþykki þingsins,
 7. gefa verkáætluninni, eins og þingið samþykkir hana, efnislega mynd, með framkvæmd skrifstofunnar í huga og innan samþykktar fjárhagsáætlunar,

8. hafa heimild til að vísa til þingsins málum til umfjöllunar og
9. stofnsetja undirdeildir, ef þörf krefur, skv. B-lið VIII. gr. og semja erindisbréf þeirra og ákveða starfstíma þeirra.

XI. gr.

Skrifstofan.

- A. Skrifstofan aðstoðar þingið, ráðið og undirdeildir þeirra við að leysa störf sín af hendi. Hún vinnur þau störf sem henni eru falin samkvæmt stofnsamþykkt þessari, auk þeirra starfa sem þingið eða ráðið felur henni.
- B. Á skrifstofunni starfar aðalframkvæmdastjóri, sem er yfirmaður hennar og æðsti embættismaður, og annað það starfslið sem kann að vera nauðsynlegt. Þingið skipar aðalframkvæmdastjóranntil fjögurra ára, að fram komnum tilmælum ráðsins þar um, og er heimilt að framlengja skipun hans um fjögur ár til viðbótar en ekki eftir það.
- C. Aðalframkvæmdastjórinn ber ábyrgð gagnvart þinginu og ráðinu, meðal annars á starfsmannaráðningu og skipulagi og starfsemi skrifstofunnar. Við ráðningu starfsliðsins og ákvarðanatöku um skilyrði þeirrar þjónustu sem er veitt ber fyrst og fremst að hafa í huga að tryggja sem mesta skilvirkni, hæfni og heilleika. Hæfilegt tillit skal tekið til mikilvægi þess að ráða starfslið fyrst og fremst frá aðildarríkjunum og hafa um leið í huga eins mikla landfræðilega dreifingu og frekast er unnt, einkum með tilliti til viðhlítandi fyrisvars þróunarlanda og með áherslu á jafnt hlutfall kynjanna. Við undirbúning fjárhagsáætlunar gildir sú meginregla að við þær mannráðningar sem tillaga er gerð um sé miðað við þann lágmarksfjölda starfsmanna sem er nauðsynlegur til þess að skrifstofan geti gegnt hlutverki sínu með viðeigandi hætti.
- D. Aðalframkvæmdastjórinn eða fulltrúi hans tekur þátt í öllum fundum þingsins og ráðsins án atkvæðisréttar.
- E. Skrifstofan skal:
 1. undirbúa og leggja fyrir ráðið drög að verkáætlun stofnunarinnar og drög að fjárhagsáætlun hennar,
 2. framkvæma verkáætlun stofnunarinnar og ákvarðanir hennar,
 3. undirbúa og leggja fyrir ráðið drög að ársskýrslunni um starfsemi stofnunarinnar og aðrar skýrslur sem þingið og ráðið kunna að biðja um,
 4. láta þinginu, ráðinu og undirdeildum þeirra í té stjórnarsýslu- og tæknilegan stuðning,
 5. greiða fyrir samskiptum milli stofnunarinnar og aðila að henni og
 6. dreifa ráðgjöf um stefnumótun eftir að hún hefur verið veitt aðilum að stofnuninni skv. 2. mgr. C-liðar IV. gr. og leggja fyrir þingið og ráðið skýrslu um ráðgjöf skrifstofunnar fyrir hvern fund þeirra. Skýrslan til ráðsins skal og innihalda þá ráðgjöf sem undirbúin hefur verið við-víkjandi framkvæmd hinnar árlegru verkáætlunar.
- F. Aðalframkvæmdastjórinn og aðrir starfsmenn skulu ekki leita eftir eða taka við fyrirmælum frá neinum stjórnvöldum eða öðrum aðilum utan stofnunarinnar þegar þeir gegna skyldustörfum sínum. Þeir skulu láta allt það ógert sem kynni að kasta rýrð á stöðu þeirra sem alþjóðlegir embættismenn sem bera eingöngu ábyrgð gagnvart þinginu og ráðinu. Sérhver aðili að stofnuninni skal virða hið sérstaka alþjóðlega eðli þeirra ábyrgðarstarfa sem aðalframkvæmdastjórinn og aðrir starfsmenn vinna og ekki reyna að hafa áhrif á þá þegar þeir gegna ábyrgðarstörfum sínum.

XII. gr.

Fjárhagsáætlun.

- A. Fjárhagsáætlun stofnunarinnar er byggð á:
 1. skylduframlögum aðila að henni, sem eru byggð á mælikvarða Sameinuðu þjóðanna, eftir ákvörðun þingsins,
 2. frjálsum framlögum og
 3. öðrum mögulegum framlögum samkvæmt þeim reglum um fjármál sem þingið samþykkir samhljóða, eins og mælt er fyrir um í G-lið IX. gr. stofnsamþykktar þessarar. Reglur um fjármál og fjárhagsáætlunin mynda traustan grunn undir starfsemi stofnunarinnar og tryggja

skilvirka og árangursríka starfsemi stofnunarinnar, eins og henni er lýst í verkáætluninni. Með skylduframlögum eru kjarnastarfsemi og stjórnsýsla stofnunarinnar fjármagnaðar.

- B. Skrifstofan semur drög að fjárhagsáætlun stofnunarinnar og sendir ráðinu til skoðunar. Ráðið sendir þinginu drögin með tilmælum um að þau verði samþykkt eða endursendir skrifstofunni þau til endurskoðunar og framlagningar á ný.
- C. Þingið tilnefnir utanaðkomandi endurskoðanda til fjögurra ára og skal heimilt að endurkjósa hann. Fyrsti endurskoðandinn skal gegna starfi sínu í tvö ár. Endurskoðandinn skoðar reikninga stofnunarinnar og gerir athugasemdir og leggur fram tilmæli, eftir því sem talið er nauðsynlegt, viðvíkjandi skilvirkni í rekstri og innri fjármálastjórn.

XIII. gr.

Staða lögaðila; forréttindi og friðhelgi.

- A. Stofnunin skal hafa réttarstöðu alþjóðlegs lögaðila. Stofnunin skal, á yfirráðasvæði sérhvers aðildarríkis og samkvæmt landslögum þess, hafa það réttthæfi innanlands sem henni kann að vera nauðsynlegt til að sinna störfum sínum og ná markmiðum sínum.
- B. Aðilar að stofnuninni ákvarða forréttindi og friðhelgi í formi sérstaks samnings.

XIV. gr.

Tengsl við aðrar stofnanir.

Ráðið hefur heimild, að fram komnu samþykki þingsins, til að gera samninga fyrir hönd stofnunarinnar þar sem komið er á viðeigandi tengslum við Sameinuðu þjóðirnar og aðrar þær stofnanir sem starfa á sama sviði og stofnunin. Ákvæði stofnsamþykktar þessarar hafa engin áhrif á réttindi og skyldur aðila að stofnuninni sem leiðir af gildandi alþjóðasamningum.

XV. gr.

Breytingar og úrsögn, endurskoðun.

- A. Sérhver aðili að stofnuninni getur lagt fram breytingartillögur við stofnsamþykkt þessa. Aðalframkvæmdastjórnin gengur frá staðfestum endurritum af texta breytingartillagna og sendir öllum aðilum að stofnuninni þau eigi síðar en níutíu dögum áður en þingið tekur tillögurnar til meðferðar.
- B. Breytingar öðlast gildi gagnvart öllum aðilum að stofnuninni:
 1. þegar þingið hefur samþykkt þær að aflokinni umfjöllun um athugasemdir sem ráðið hefur gert við hverja og eina breytingartillögu og
 2. eftir að allir aðilar að stofnuninni hafa samþykkt að vera bundnir af viðkomandi breytingu í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers þeirra um sig. Aðilar að stofnuninni lýsa yfir samþykki sínu fyrir því að vera bundnir af breytingu með því að afhenda vörsluaðila, er um getur í A-lið XX. gr., skjal þess efnis til vörslu.
- C. Aðila að stofnuninni er heimilt, hvenær sem er að fimm árum liðnum frá þeim degi er stofnsamþykkt þessi tekur gildi skv. D-lið XIX. gr., að segja skilið við stofnunina með skriflegri tilkynningu þess efnis til þess vörsluaðila er um getur í A-lið XX. gr. sem aftur tilkynnir ráðinu og öllum aðilum að stofnuninni um það án tafar.
- D. Úrsögn, sem að framan greinir, tekur gildi í lok þess árs sem hún er tilkynnt á. Úrsögn aðila úr stofnuninni hefur ekki áhrif á samningsbundnar skuldbindingar, sem hann hefur undirgengist skv. B-lið V. gr., eða fjárhagsskuldbindingar hans vegna þess árs sem úrsögn hans tekur gildi á.

XVI. gr.

Lausn deilumála.

- A. Aðilar að stofnuninni skulu leysa öll deilumál sín á milli um túlkun og beitingu ákvæða stofnsamþykktar þessarar með friðsamlegum hætti skv. 3. mgr. 2. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna og skulu, í því skyni, leita lausnar eftir þeim leiðum er um getur í 1. mgr. 33. gr. þess sáttmála.
- B. Ráðið getur stuðlað að lausn deilunnar með hverjum þeim hætti sem það telur við eiga, m.a. með því að bjóða fram aðstoð, skora á deiluaðila að hefja málsmeðferð að eigin vali til lausnar deilunni og gera tillögu um tímamörk fyrir þá málsmeðferð sem samið er um.

XVII. gr.

Tímabundið afnám réttinda.

- A. Sérhver aðili að stofnuninni, sem er í vanskilum með fjárframlög sín til stofnunarinnar, glatar atkvæðisrétti sínum ná vanskil hans, eða fari fram yfir, fjárhæð framlaga hans næstu tvö ár á undan. Þingið getur, engu að síður, heimilað viðkomandi aðila að greiða atkvæði hafi það vissu fyrir því að vanskilin séu til komin vegna aðstæðna sem eru ekki á valdi hans.
- B. Þingið getur, séu tveir þriðju þeirra þingfulltrúa aðila að stofnuninni sem eru viðstaddir og greiða atkvæði því samþykkir og að fram komnum tilmælum ráðsins þar um, útilokað tímabundið aðila að stofnuninni, sem þrásinnis brýtur ákvæði stofnsamþykktar þessarar eða samninga sem hann hefur gerst aðili að samkvæmt henni, frá því að njóta þeirra forréttinda og friðhelgi sem aðild að stofnuninni færir.

XVIII. gr.

Aðsetur stofnunarinnar.

Þingið ákveður, á fyrsta fundi sínum, hvar stofnunin hefur aðsetur sitt.

XIX. gr.

Undirritun, fullgilding, gildistaka og aðild.

- A. Stofnsamþykkt þessi skal liggja frammi til undirritunar á stofnfundinum af hálfu allra ríkja sem eru aðilar að Sameinuðu þjóðunum og svæðisbundinna milliríkjastofnana um efnahagssamvinnu, samanber skilgreiningu í A-lið VI. gr.
Hún skal liggja frammi til undirritunar fram til þess dags er stofnsamþykkt þessi öðlast gildi.
- B. Að því er varðar ríki og svæðisbundnar milliríkjastofnanir um efnahagssamvinnu, samanber skilgreiningu í A-lið VI. gr., sem hafa ekki undirritað stofnsamþykkt þessa, er þeim heimilt að gerast aðilar að henni eftir að þingið hefur samþykkt aðild þeirra í samræmi við ákvæði 2. mgr. B-liðar VI. gr.
- C. Samþykki þess að vera bundinn af ákvæðum stofnsamþykktar þessarar skal látið í ljós með því afhenda vörsluaðila skjal um fullgildinguna eða aðild til vörslu. Fullgilding stofnsamþykktar þessarar eða aðild að henni skal eiga sér stað í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers ríkis um sig.
- D. Stofnsamþykkt þessi öðlast gildi á þritugasta degi eftir þann dag þegar tuttugasta og fimmta skjalið um fullgildinguna er afhent til vörslu.
- E. Að því er varðar ríki og svæðisbundnar milliríkjastofnanir um efnahagssamvinnu, sem hafa afhent skjal um fullgildinguna eða aðild eftir að stofnsamþykkt þessi öðlast gildi, skal stofnsamþykktin öðlast gildi á þritugasta degi eftir þann dag þegar viðkomandi skjal er afhent til vörslu.
- F. Óheimilt er að gera fyrirvara um nokkurt ákvæði í stofnsamþykkt þessari.

XX. gr.

Vörsluaðili, skráning, gildur texti.

- A. Ríkisstjórn Sambandslýðveldisins Þýskalands er hér með tilnefnd vörsluaðili stofnsamþykktar þessarar og skjala um fullgildinguna eða aðild.
- B. Ríkisstjórn sú sem gegnir hlutverki vörsluaðila skal skrá stofnsamþykkt þessa skv. 102. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna.
- C. Afhenda ber stofnsamþykkt þessa, sem er gerð á ensku, til vörslu í skjalasafni þeirrar ríkisstjórnar sem gegnir hlutverki vörsluaðila.
- D. Ríkisstjórn sú sem gegnir hlutverki vörsluaðila skal senda stjórnvöldum þeirra ríkja og svæðisbundnum milliríkjastofnunum um efnahagssamvinnu, sem hafa undirritað stofnsamþykkt þessa eða verið samþykktar sem aðilar að stofnuninni skv. 2. tölul. B-liðar VI. gr., rétt staðfest endurrit af stofnsamþykkt þessari.
- E. Ríkisstjórn sú sem gegnir hlutverki vörsluaðila skal tilkynna öllum undirritunaraðilum stofnsamþykktar þessarar án tafar um þann dag þegar skjöl um fullgildinguna eru afhent til vörslu og þann dag þegar stofnsamþykktin öðlast gildi.

- F. Ríkisstjórn sú sem gegnir hlutverki vörsluaðila skal tilkynna öllum undirritunaraðilum stofnsamþykktar þessarar og aðilum að stofnuninni án tafar um þann dag þegar ríki eða svæðisbundnar milliríkjastofnanir um efnahagssamvinnu gerast aðilar að stofnuninni síðar.
- G. Ríkisstjórn sú sem gegnir hlutverki vörsluaðila skal án tafar senda öllum aðilum að stofnuninni nýjar aðildarumsóknir til umfjöllunar í samræmi við ákvæði 2. mgr. B-liðs VI. gr.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirrituð, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað stofnsamþykkt þessa.

GJÖRT í Bonn hinn 26. janúar 2009 í einu frumeintaki á ensku.

STATUTE
of the International Renewable Energy Agency (IRENA)

The *Parties* to this Statute,

desiring to promote the widespread and increased adoption and use of renewable energy with a view to sustainable development,

inspired by their firm belief in the vast opportunities offered by renewable energy for addressing and gradually alleviating problems of energy security and volatile energy prices,

convinced of the major role that renewable energy can play in reducing greenhouse gas concentrations in the atmosphere, thereby contributing to the stabilisation of the climate system, and allowing for a sustainable, secure and gentle transit to a low carbon economy,

desiring to foster the positive impact that renewable energy technologies can have on stimulating sustainable economic growth and creating employment, *motivated* by the huge potential of renewable energy in providing decentralised access to energy, particularly in developing countries, and access to energy for isolated and remote regions and islands,

concerned about the serious negative implications that the use of fossil fuels and the inefficient use of traditional biomass can have on health,

convinced that renewable energy, combined with enhanced energy efficiency, can increasingly cover the anticipated steep increase in global energy needs in the coming decades,

affirming their desire to establish an international organisation for renewable energy, that facilitates the cooperation between its Members, while also establishing a close collaboration with existing organisations that promote the use of renewable energy,

have agreed as follows:

Article I

Establishment of the Agency.

